

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!**

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta.

**Skólinn var settur 25. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 17. maí. Við upphaf haustannar voru skráðir 152 nemendur í skólanum, 111 stúlkur og 41 piltur. 53 nemendur hófu nám í fyrsta bekk, einnig 53 í öðrum bekk og 46 í þriðja bekk. Á þessu vori gengust 148 nemendur undir námsmat. Í dag eru brautskráðir 45 stúdentar. 23 af félags- og hugvísindabraut og 22 af náttúruvísindabraut.**

Veiran litaði skólastarfið að einhverju marki fram eftir vetri. Lengi vel þurftum við að nota grímur og sprittbrúsinn var aldrei langt undan. Stundum þurfti að skipta nemendum upp í minni hópa og vorönnin hófst í fjarnámi því á þeim tíma hafði veiran náð mikilli dreifingu í samfélaginu. Engu að síður má segja að skólastarfið í vetur hafi verið nokkuð eðlilegt, sérstaklega ef við miðum við árið á undan.

Nýnemavikan fór fram með nokkuð hefðbundnum hætti, þrátt fyrir sóttvarnareglur. Vikunni lauk með litskrúðugri gleðigöngu og skírn fyrstu bekkinga inn í skólasamfélagið.

Kynningardagur ML var haldinn hátíðlegur þann 28. október. Þá heimsóttu okkur 10. bekkingar víðsvegar af Suðurlandi. Dagkránni lauk með söngkeppni Blítt og létt þar sem Freyja Benónýsdóttir og félagar báru sigur úr býtum.

Eftir miklar hömlur síðasta skólaár var nú hægt að útvíkka námið með ýmsum vettvangs- og skoðunarferðum. Má þar nefna Njáluferð, jarðfræðiferð, heimsókn í Hús skáldsins að Gljúfrasteini, leikhúsferð og kynnisferð kvikmyndasögunema þar sem þeir skoðuðu meðal annars Kvikmyndasafn Íslands og kvikmyndaverið í Gufunesi. 2. bekkur fór í háskólakynningu til Reykjavíkur, heimsótti spennandi fyrirtæki og bankaði upp á á Alþingi. Jafnframt litu stjórn málafræðinemar við á Bessastöðum og drukku kaffi með forseta Íslands og áttu við hann líflegt og fróðlegt spjall.

Valáfangar í útivist eiga sinn sess í ML og þar er auðvitað farið í hinar ýmsu ferðir. Í mars var til dæmis farið í gönguskíðaferð á Laugarvatnsvelli í samvinnu við Björgunarsveitina Ingunni.

Í fyrra hófst Erasmus plús verkefnið ShoW – Shapes of Water sem ML tekur þátt í ásamt fjórum skólum í Evrópu. Á líðandi skólaári fóru tveir kennarar í undirbúningsferð til Asoreyja og síðan fóru nokkrir nemendur, ásamt kennurum, í þrjár ferðir til Portúgals, Finnlands og Tékklands. María Carmen Magnúsdóttir leiðir verkefnið hér í ML.

Nemendur tóku þátt í ýmsum keppnum á skólaárinu. Að vanda sendi ML lið í Gettu betur. Góð þátttaka var í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema og Bebras áskoruninni, en þar er rökhugsun og tölvufærni nemenda könnuð. Þrír nemendur enduðu í fjórða sæti í „Greindu betur“, sem er liðakeppni í tölu- og upplýsingalæsi. Þýskunemar tóku þátt í stuttmyndasamkeppni. Lið ML reyndi fyrir sér í spunakeppninni *Leiktu betur* og hreppti annað sætið. Og nemendur héldu áfram að gera það gott í leiklistinni því Leikritið *Menntavegurinn* eftir Gísellu Hannesdóttur var sýnt á Ungleik í Borgarleikhúsinu.

Stjórnarskipti í Nemendafélaginu Mími fóru fram í janúar og er nýr stallari Óskar Snorri Óskarsson frá Hruna í Hrunamannahreppi.

Í febrúar sýndi leikhópur ML leikritið *Stellu í orlofi* í félagsheimilinu Aratungu við góðan orðstír. Leikstjórar voru Arnheiður Diljá Benediktsdóttir og Gísella Hannesdóttir, en hún skrifaði jafnframt handritið byggt á kvikmyndinni ástsælu.

Nemendur gerðu sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Prautakeppnin Dollinn var á sínum stað en þátttaka var dræm þar sem veiran náði stórum hluta nemenda um þetta leyti. Líklega má ástæðuna rekja til þess að skömmu áður var haldið skólaball..... (ég ætla ekki að fara nánar út í það hér).

31. mars var árshátíðin haldin með glæsibrag í matsal skólans og lék hljómsveitin *Made in sveitin* fyrir dansi í N-stofu.

Í vetur voru 136 nemendur í kórnum, eða tæp 92% nemenda, og hefur kórinn aldrei verið jafn fjölmennur. Í september hélt kórinn æfingabúðir í íþróttahúsinu. Jólatónleikarnir voru sendir út í streymi frá Skálholtskirkju. Það var vissulega ný og öðruvísi reynsla fyrir nemendur að syngja fyrir nánast tómrri kirkju. Í mars söng kórinn og var með skemmtiatriði í Eldaskálanum í Laugarvatnsskógi fyrir gesti frá Skógræktarfélagi Íslands. Í apríl voru svo haldnir tvennir lokatónleikar í Skálholtskirkju. Upphaflega var áætlað að fara í kórferðalag til Ítalíu nú í vor en

vegna veirunnar var því frestað um ár. Það er því mikill spenningur fyrir komandi tímum. Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir, sem stýrir honum af stakri þryði.

Frá upphafi þriggja ára kerfisins hér í ML hafa útskriftarnemar unnið stórt lokaverkefni í sérstökum lokaverkefnisáfangum. Á námsmatstímanum var opið hús þar sem fjöldi gesta kynnti sér margskonar verkefni nemenda. Á sama tíma gátu gestir virt fyrir sér lokaverkefni nemenda í ljósmyndun og myndlist. Þetta heppnaðist vel og vorum við einstaklega ánægð að fá gesti í húsið.

Dimissio hafði sinn stað 6. maí og mátti þá sjá fígúruna Stitch glaðbeitta á vappi um þorpið í fallegu en heldur svölu vorveðri.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 36, þar af 21 við kennslu og stjórnun.**

Síðasta haust tók Hildur Hálfðanardóttir við starfi skólaritara og er hún boðin velkomin í hópinn.

Nokkrir kennarar sóttu ráðstefnu um leiðsagnarnám í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Við fengum fróðlegan fyrirlestur frá Félagi lesblindra. Yggdrasill, nýstofnað Hinseginfélag ML, hélt fræðslufyrirlestur um hinseginmálefni. Loks var haldið námskeið um EKKO mál, þ.e. einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.

Í næstu viku stendur starfsmannafélagið fyrir ferð í Gnúpverjahreppinn þar sem við ætlum að lyfta andanum, fræðast um ýmsa starfsemi sem þar fer fram og njóta fegurðarinnar sem þar er allt um lykjandi, leyfi ég mér að segja 😊

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

**Ágætu verðandi nýstúdentar! – Umsjónarnemendur!**

Þið hafið þurft að takast á við margskonar áskoranir á leið ykkar að settu marki, stúdentsprófinu. En ykkur tókst þetta! Lærdómurinn og reynslan sem þið hafið öðlast á þessum árum er gott veganesti fyrir ferðalagið sem framundan er. Lífið er allskonar. Munið bara að vera þið sjálf og ekki hika við að láta drauma ykkar rætast. Þið skulið ávallt hlúa vel að heilsunni því hún er grunnurinn að öllu öðru.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir, áfangastjóri